

Svar við fyrirspurn um stöðu húsnæðismála

Á fundi bæjarráðs þann 27. október 2016 lagði áheyrnarfulltrúi Vinstri grænna fram eftirfarandi fyrirspurn um stöðu húsnæðismála:

1. Hver er heildarfjöldi umsókna eftir félagslegu leiguhúsnæði hjá bænum og hve margar eru frá örorkulífeyrisþegum? Brýnt er fá þessar upplýsingar þegar í stað.
2. Hver hefur fjöldi umsókna verið í árslok síðustu 5 árin?
3. Hve margir einstaklingar eru á bak við heildarfjölda umsókna, þ.m.t. börn undir 18 ára aldri.
4. Hvað er talið að margir búi nú í félagslegum leiguíbúðum á vegum bæjarins og hve margar eru þær í dag?

Hér er leitast við að svara fyrirspurninni en ljóst er að ákveðnar upplýsingar eru ekki skráðar en starfsmenn Fjölskylduþjónustu reyna hér að leggja fram eins áreiðanlegar upplýsingar og framast er unnt.

1. ***Hver er heildarfjöldi umsókna eftir félagslegu leiguhúsnæði hjá bænum og hve margar eru frá örorkulífeyrisþegum? Brýnt er fá þessar upplýsingar þegar í stað.*** Heildarfjöldi umsókna eftir félagslegu leiguhúsnæði hjá Hafnarfjarðarkaupstað eru 161. Þeir sem skráðir eru öryrkjar eða sjúklingar á biðlistanum eru 70.
2. ***Hver hefur fjöldi umsókna verið í árslok síðustu 5 árin?***

Ár	Fjöldi
2011	68
2012	98
2013	137
2014	179
2015	225
2016	161

Færri eru skráðir á biðlista nú í lok árs 2016 þar sem unnið hefur verið að endurnýjun umsókna á haustmánuðum. Ekki hafa fleiri endurnýjað umsóknir. Einnig varð sú breyting varðandi mat á umsóknum að einungis þeir sem taldir eru í brýnni þörf eru nú á biðlista.

3. ***Hve margir einstaklingar eru á bak við heildarfjölda umsókna, þ.m.t. börn undir 18 ára aldri.*** Það eru 256 einstaklingar á bakvið umsóknirnar. Þar af eru 165 fullorðnir og 91 barn.
4. ***Hvað er talið að margir búi nú í félagslegum leiguíbúðum á vegum bæjarins og hve margar eru þær í dag?*** Íbúðirnar eru í dag 238 og þar af eru 11 íbúðir sem sveitarfélagið framleigir. Verið er að ganga frá kaupum á tveimur íbúðum þannig að íbúðirnar verða 240 innan fárra daga. Ekki eru nákvæmar tölur um fjölda íbúa í íbúðunum en leiða má líkum að því að u.þ.b. 430 einstaklingar búi í íbúðunum.

Hafnarfjörður 15. nóvember 2016.

